

65
25. sept.

VIII.

Um skólalækni.

31. gr.

Bæjarlæknirinn er læknir skólans og hefir hann eftirlit með að fyrir-
mælum um hreinlæti og öllu, sem lýtur að almennum heilbrigðisreglum við
skólann, sje fullnægt. Læknir þessi skal og skoða nemendur skólans samkvæmt
32. gr.

32. gr.

Skólalæknirinn skal athuga alla nýsveina skólans, hvort þeir sjeu haldnir
af nokkrum næmum sjúkdómi eða líkamskvilla, er orðið geti öðrum nemendum
skaðvænn, svo og hvort heyrn og málfæri sje eins fullkomið og nauðsynlegt
er fyrir skipstjóra og stýrimenn.

33. gr.

Ráðuneytið setur reglur um það, hvernig burtfararprófunum skuli hag-
að, og hvað útheimtist til að standast þau; það gefur og út fyrirmynd fyrir
prófvottorðum.

Reglugjörð 28. ágúst 1912 er hjer með feld úr gildi.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 24. september 1924.

Jón Magnússon.

St. Gunnlaugsson.

66
25. sept.

VIÐAUKI VIÐ 5. gr. í REGLUM

31. ágúst 1923 um aflífun húsdýra, slátrun búpenings og um fuglaveiðar,
svo og um meðferð á sauðfje og hrossum að ýmsu leyti.

Þegar lömb eru flutt í bílum, skal skifta farrýminu í stíur með hæfi-
lega sterkum milligerðum. Hver stía má ekki vera stærri en svo, að hún taki
fimm lömb að haustlagi, og skal gólfið þakið torfi.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 25. septbr. 1924.

Jón Magnússon.

St. Gunnlaugsson.